



REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT Í GOLFI Í UNGLINGAFLOKKUM

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir Íslandsmóti í unglingsflokkum í golfi.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótið og hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Hún skal skipa menn í mótsstjórn í samráði við viðkomandi klúbba a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Stjórn GSÍ skal skipa a.m.k. einn dómara á hvern keppnisvöll. Viðkomandi klúbbur skal leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður dómari í flokkum 15 ára og eldri skal hafa landsdómararéttindi.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þáttökugjöld og sér sá klúbbur um innheimtu sem heldur mótið á hverjum tíma. Þáttökugjald rennur til þess klúbbs er heldur mótið. GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá mótinu. Sá klúbbur sem heldur mótið á hverjum tíma skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem Íslandsmótið fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við mótið og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Þátttakendur skulu tilkynna um þátttöku til þess klúbbs sem heldur mótið a.m.k. 3 dögum fyrir fyrsta mótsdag (t.d. í síðasta lagi kl. 23:59 á þriðjudegi ef mótið hefst á föstudegi). Mótsstjórn getur þó heimilað þátttöku berist tilkynning síðar, enda hafi hámarksfjöldi þátttakenda ekki verið náð.

5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðum vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

Öll notkun tóbaks, þ.m.t. munntóbaks, er bönnuð í klúbbhúsum og á keppnisvelli.



6. gr.

Þátttökugjöld skulu greidd við skráningu. Þátttökugjald fæst einungis endurgreitt séu forföll boðuð eigi síðar en kl. 18:00, þremur dögum fyrir fyrsta keppnisdag.

2.kafli

7. gr.

Keppt skal í eftirtöldum flokkum. Aldur miðast við almanaksár.

Stúlknaflokkur	14 ára og yngri
Stúlknaflokkur	15-16 ára
Stúlknaflokkur	17-18 ára
Stúlknaflokkur	19-21 árs

Piltaflokkur	14 ára og yngri
Piltaflokkur	15-16 ára
Piltaflokkur	17-18 ára
Piltaflokkur	19-21 árs

Allir flokkar leika 54 holur.

Þátttökurétt öðlast erlendir kylfingar ekki fyrr en eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu hérlandis. Mótsstjórn er heimilt að takmarka rétt til þátttöku við forgjöf. Þá er mótsstjórn heimilt að setja hámarksfjölda keppenda í hverjum flokki. Ákvörðun um hámarksforgjöf, hámarksfjölda og teiga skal kynnt í keppnisskilmálum. Einnig er mótsstjórn heimilt að sameina flokka ef þátttakendur í flokki eru færri en 4.

Óheimilt er að hafa fleiri en þrjá keppendur í hverjum ráshóp.

8. gr.

Skyllt er að keppnisvellir sé opnir til æfinga fyrir skráða keppendur í minnst 2 daga fyrir mót. Heimilt er mótsstjórn að takmarka æfingu við eina umferð og skipuleggja rástíma ef með þarf.

9. gr.

Ef jafnt er að loknum 54 holum skal leika þriggja holu umspil og síðan bráðabana ef þörf er um 1. sæti. Um 2. og 3. sæti skal leikinn bráðabani.

10. gr.



Mótsstjórn ákveður rástíma og leikröð keppenda og skal hún kynnt ekki síðar en á fyrsta æfingadegi.

11. gr.

Sigurvegarar hljóta titlana Íslandsmeistari viðkomandi flokks.

12. gr.

Að öðru leyti gilda móta- og keppendareglur GSÍ.

13. gr.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum 12. apríl 2017.